

Lög

um breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo:
Innflutningur til landsins á vínanda og áfengi, sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, fer eftir ákvæðum áfengislaga.
2. mgr. orðast svo:
Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn frá útlöndum tóbak, hvort heldur er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo:
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning og innkaup á vínanda, áfengi og tóbaki samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra. Þess skal gætt að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengisbirgjum.
2. mgr. orðast svo:
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar.
3. mgr. orðast svo:
Fjármálaráðherra veitir leyfi til innflutnings og heildsölu á áfengi, svo og til framleiðslu áfengra drykkja, enda sé slík framleiðsla, sala eða innflutningur ætluð til sölu samkvæmt ákvæðum áfengislaga. Leyfi til heildsölu á áfengi má veita innflytjanda áfengis, svo og öðrum þeim sem hyggjast endurselja áfengi frá framleiðanda eða innflytjanda.
4. mgr. orðast svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis og kveða á um eftirlit.
- Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um veitingu leyfis skv. 3. mgr. Skal þar m.a. kveðið á um skilyrði fyrir leyfisveitingu, gildistíma leyfis, afturköllun þess, um auðkenni á áfengi sem látið er af hendi og eftirlit með starfsemi leyfishafa.

3. gr.

Á eftir 1. másl. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður svohljóðandi: Verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.

4. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal starfa í tveimur deildum er séu aðgreindar rekstrarlega og fjárhagslega. Skal önnur deildin hafa með höndum innflutning og heildsölu áfengis en hin skal annast smásölu áfengis. Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar.

5. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur áfengi innan lands, sbr. 11. gr. áfengislaga.

6. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal hald á vörur þær sem lög þessi taka til og inn eru fluttar eða framleiddar í heimildarleysi. Innfluttar vörur skulu afhentar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ráðstöfunar.

8. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um verslun með áfengi og tóbak.**

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1995.

Samþykkt á Alþingi 15. júní 1995.